

Titill	Vetrarferðir
Skammstöfun	FJAL2VF05
Námsgrein	Fjallamennska
Viðfangsefni	Vettvangsnám á fjöllum að vetrarlagi
Þrep	2
Einingafjöldi	5

Lýsing:	<p>Námið er vettvangsnám þar sem farið er í ferðir úti í náttúrunni að vetrarlagi þar sem tekist er á við raunaðstæður. Áherslan í áfanganum er tvíþætt. Annars vegar er áhersla á nemandann sjálfan, hans þekkingu, leikni og hæfni. Hins vegar er áhersla á leiðsögn þar sem nemandinn þjálfast í að aðstoða við leiðsögn með reyndum leiðsögumönnum.</p> <p>Farið er í atriði varðandi skipulag og undirbúning fjallaferða að vetrarlagi. Miðað er við að nemandi verði sjálfstæður í óbyggðum og geti metið aðstæður með tilliti til öryggis t.d. út frá umhverfi, hópnum og breyttum veðurskilyrðum. Nemandi kynnist veðurfræði, veðurspám og að lesa í veðrabrigði. Nemandi er þjálfaður í að skipuleggja nokkurra daga tjaldferð af öryggi. Ýmis hugtök sjálfbærni og náttúrufræði eru tekin fyrir og þau útskýrð. Um þau er fjallað skipulega á vettvangi og í ferðum. Einnig er farið í þá þætti sem snerta umgengi við landið, viðkvæma náttúru og jarðmyndanir.</p>
----------------	--

Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kortalestri, áttavita og GPS • rötun og leiðarvali í fjalllendi • aðhlynningu í lengri ferðum • þverun straumvatna • nauðsynlegum öryggisbúnaði • eigin styrkleikum og takmörkunum • mikilvægi þess að ganga vel um landið • mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim • búnaði sem þarf til fjallamennsku og tjaldferða • mikilvægi hópstjórnunar • tækifærum til fjallamennsku og hollrar útivistar í nærumhverfi sínu • hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði • skipulagi fjalla- og tjaldferða
------------------------	--

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða • rata með hjálp áttavita og GPS • velja staði til að þvera straumvatn • nýta sér aðstæður í íslenskri náttúru og meta veðurútlit • meta eigin styrkleika og takmarkanir • huga vel að sjálfum sér og öðrum í lengri tjaldferðum • finna heppilega samstarfsaðila og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða • skipuleggja fjallaferðir og nota búnað sem þarf í slíkar ferðir • rata og velja milli mismunandi leiða í fjalllendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu
---------------------	--

Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • rata af öryggi með hjálp áttavita og GPS • geta tekið ákvarðanir miðað við eigið líkamsástand, staðhætti og aðstæður • velja og nota viðeigandi búnað á hverjum stað • geta valið og farið í fjallaferðir við hæfi og nýtt þann búnað sem þarf • stunda fjallaferðir við mismunandi aðstæður • geta valið og farið í fjallaferðir við hæfi • geta notið þess að vera á fjöllum • meta aðstæður á raunhæfan hátt • útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri ferðir • velja heppilega samstarfsaðila eða tengilið í nærumhverfi sínu • geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt og skipulagt mismunandi ferðir • taka ákvarðanir í samráði við hóp ferðafélaga • rata af öryggi um ókunnar slóðir • hagnýta sér það sem sjá má af veðurútliti • miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi • velja verkefni við hæfi • rata og velja öruggustu leiðina í fjalllendi • leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum
--------------------	--

Námsmat	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

Leiðbeiningar	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum nemenda og kennara, bæði í ferðinni sjálfri, fyrir og eftir ferð. Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðinni stendur. Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu. Hann skráir einnig hæfni sína í Europass.</p>
----------------------	--